



# Ritun og tjáning

## ÍSLE3RT05

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennsluáætlun haustönn 2022

### Kennarar:

Guðbjörg Grímsdóttir (GGR) [gudbjorg10@fsu.is](mailto:gudbjorg10@fsu.is)

Jón Özur Snorrason (JÖS) [jozur@fsu.is](mailto:jozur@fsu.is)

### Áfangalýsing

Í áfanganum er unnið að skapandi skrifum á sem fjölbreyttastan hátt. Hugað er að muninum milli skapandi skrifa og hagnýtra skrifa. Hvað sé sameiginlegt og hvað sé ólíkt? Nemendur skrifa texta af ýmsu tagi: stuttar sögur og prósa, ljóð í frjálsu formi og örleikrit svo eitthvað sé nefnt. Auk þess sem þeir kynna sér (lesa og greina) útgefna texta eftir viðurkennda höfunda. Verkefni af fjölbreyttu tagi verða unnin í töluðu og rituðu máli.

### Markmið áfangans:

#### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- ýmsum tegundum bókmennta og nytjatexta
- helstu hugtökum sem tengjast skapandi skrifum
- stefnum í íslenskum bókmenntum sem tengjast viðfangsefninu

#### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna skapandi efni frá hugmynd til birtingar
- ganga frá eigin verkum til birtingar eða flutnings
- veita uppbyggilega gagnrýni og nýta sér hana frá öðrum
- flytja af öryggi og sannfæringu kynningu á eigin sköpunarverkum
- skilja viðeigandi stílbrogð, orðatiltæki og menningarlegar tilvísanir í ræðu og riti

#### Hæfniviðmið:

Nemandi skal í lok áfanga geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna á gagnrýninn hátt
- leggja mat á og efla eigin málfærni
- skrifa vel uppbyggðan og grípandi texta
- velja framsetningu eftir efni, aðstæðum og viðtakendum
- setja fram efni sitt þannig að inntakið liggi ekki á yfirborðinu
- beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt í ræðu og riti
- sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í verkum sínum

### Námsefni:

Bókin *Samþykki* eftir Vanessa Springora. Fæst hjá Forlaginu. Er einnig á Storytel.

Efni frá kennara.

### Námsmat: Áfanginn er símatsáfangi og því þarf að skila ÖLLUM verkefnum áfangans.

10% Handrit

25% Ritunarverkefni

15% Kjörbókarvinna

10% Kvikmyndaverkefni

15% Smásagnavinna

10% Ljóðavinna

15% Lokaverkefni og munnlegt próf

## Vinnuáætlun - Ritun og tjáning haustönn 2022

Dags	Viðfangsefni
15.-19.ágúst Nýnemadagur 17.ág Kennsla hefst 18.ág	Kynning á áfanganum. Upphitunarverkefni. <i>Athugið að tjáning er sem rauður þráður alla önnina í tengslum við öll verkefni. Tjáning verður með fjölbreyttum hætti. Einnig verða KVEIKJUR af og til alla önnina. Útskýrt vel í kennslustund.</i>
22.-26.ágúst	<b>Skapandi skrif.</b> Ritunarverkefni. Fjallað um handrit, persónusköpun og fleira.
29.-2.sept	<b>Handritavinna.</b> Að semja og sviðsetja leikrænan texta (handrit). Einstaklings- eða paraverkefni.
5.-9.sept Foreldrakynning.	Að semja og sviðsetja leikrænan texta (handrit) – áframhaldandi vinna. Handriti skilað í lok vikunnar.
12.-16.sept FSu 41 árs 13.sept Dagur ísl.náttúru.	<b>Smásögur</b> Valin smásaga lesin, greind og fjallað um hana. Smásagnagreiningu skilað munnlega.
19.-23.sept	Smásögur að eigin vali lesnar, greindar og þær bornar saman. Smásagnagreiningu skilað skriflega.
26.-30.sept	<b>Ljóðavinna.</b>
3.-7.okt	<b>Ljóðavinna.</b>
10.-14.okt Miðannarmat Áfangamessa Haustfrí fim+fös	<b>Tjáningarform.</b> <b>Undirbúningur kjörbókarverkefnis.</b>
17.-21.okt Valdagur	<b>Kjörbókarvinna.</b> Kjörbókarverkefnum skilað í lok vikunnar.
24.-28.okt	<b>Kvikmyndaverkefni</b>
31.-4.nóv	.Kvikmyndaverkefni fullunnið og skilað.
7.-11.nóv	<b>Skapandi skrif.</b> <b>Vinna við lokaverkefni hefst.</b>
14.-18.nóv Dagur íslenskrar tungu	<b>Lokaverkefni.</b>
21.-25.nóvember	<b>Lögð lokahönd á lokaverkefni.</b> <b>Kynningarefni undirbúið.</b>
28.-2.desember	<b>Munnleg próf</b> Nemendur undirbúa sig fyrir munnlegt próf.
5.-9.desember Síðasti kennsludagur þri 6.desember	Munnleg próf. Uppsóp.

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

Með von um góða og skapandi samvinnu,

15. ágúst 2022,

Íslenskukennarar.